



Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd FUNDUR - 22. nóvember 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd þriðjudaginn, 22. nóvember 2005 kl. 18:00 í leikskólanum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2006.
2. Vistun barna frá 6 mánaða aldri.
3. Edinborgarferð, skýrsla.
4. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarsdóttir setti fund og gaf leikskólastjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Leikskólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun 2006, nokkrar umræður voru um áætlunina og fram kom að búið er að samþykkja 5 millj. kr. fjárveitingu til undirbúningsvinnu vegna viðbyggingar við leikskólann fyrir árið 2006.
2. Vistun yngri barna.
Leikskólastjóri kynnti ýmsar hugmyndir varðandi vistun yngri barna. Könnun er í gangi varðandi þörfina fyrir þessa þjónustu og lýkur þeirri könnun á morgun, 23. nóv. og er þá hægt að skoða þetta enn frekar. Til bráðabirgða er hugmyndin að nota húsnæðið að Húnabraut 6.
3. Edinborgarferð.
Leikskólastjóri kynnti skýrslu um námsferð starfsmanna til Edinborgar. Heimsóttu þær ýmsa leikskóla og stofnanir og lærðu heilmargt og fengu ýmsar góðar hugmyndir. Skýrsluna má lesa í heild sinni á heimasíðu leikskólans.
4. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:25

Margrét Einarsdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir
Nína Margrét Pálmadóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Þórdís Erla Björnsdóttir, fulltrúi foreldrafélagsins
Halla Björg Bernókusdóttir, fulltrúi starfsmanna
Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri

Jakobína halldórsdóttir